

17. fundur íbúaráðs Laugardals þann 14. júní 2021: Umsögn Íbúaráðs Laugardals um drög að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna tillögu að legu Borgarlínunnar og tillagna að staðsetningu kjarnastöðva.

Íbúaráð Laugardals telur mikilvægt að hyggja að því að ferlið sem er að fara í gang mun valda truflun í daglegu lífi íbúa sem búa nálægt framkvæmdum.

Í fyrstu lotu verður meðal annars ráðist í gerð Sæbrautarstokks og kjarnastöðvar í Vogabyggð, auk þess sem tvær almennar stöðvar og ein tengistöð munu rísa á verktíma verkefnisins. Ráðið leggur áherslu á samtal við íbúa og samtök þeirra og að gætt sé að upplýsingagjöf á undirbúnings- og framkvæmdatíma. Ráðið telur einsýnt að eyrnamerkja þurfi sérstaklega fjármuni til þessa þáttar.

Einnig þarf að mati ráðsins að gæta vel að ofangreindu í tengslum við:

1. Skerðingu útivistarsvæðis á Geirsnefi.
2. Skerðingu opins svæðis við Steinahlíð.

Myndræn og aðgengileg upplýsingagjöf á hverju stigi málsins, þar sem lögð er til gundvallar aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og lýðræðismálum, er mjög mikilvæg fyrir íbúa. Sem og að þeim séu oft og með ýmsum hætti kynntar þær leiðir sem þeir hafa til þess að koma ábendingum sínum á framfæri og óska eftir upplýsingum og/eða samtali.

Þar sem endanleg lega yfir Elliðavog liggur ekki fyrir er ókleift að gefa umsögn um hana á þessari stundu, en ráðið vill þó nefna að íbúar hafa viðrað áhyggjur af því að umferð fari inn í hverfið (upp Holtaveg og inn á Langholtsveg) sem og að framkvæmdin gæti skaðað lífríkið í vöginum. Íbúaráðið tekur undir að þetta þarfnist mikillar aðgæslu þegar þar að kemur.